



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Miðborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Innihald

| | |
|---|----|
| Leiðarljós leikskólans:..... | 4 |
| 2 Greinargerð leikskólastjóra | 4 |
| 3 Innra mat leikskóladeilda í leikskólanum Miðborg..... | 5 |
| 3.1 Krílakot | 5 |
| 3.1.1 Endurmat..... | 5 |
| 3.1.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021..... | 6 |
| 3.2 Regnbogaland..... | 7 |
| 3.2.1 Endurmat..... | 7 |
| 3.2.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021..... | 8 |
| 3.3 Kuðungadeild..... | 9 |
| 3.3.1 Endurmat..... | 9 |
| 3.3.2 Umbótaþættir 2020-2021 | 10 |
| 3.4 Skeljadeild | 10 |
| 3.4.1 Endurmat..... | 11 |
| 3.4.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021..... | 12 |
| 3.5 Krossfiskadeild..... | 12 |
| 3.5.1 Endurmat..... | 12 |
| 3.5.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021..... | 13 |
| 3.6 Klöpp..... | 14 |
| 3.6.1 Endurmat..... | 14 |
| 3.6.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021..... | 15 |
| 3.7 Hæð | 16 |
| 3.7.1 Endurmat..... | 16 |
| 3.7.2 Umbótaþáttur fyrir 2020-2021..... | 17 |
| 4 Ytra mat..... | 18 |
| 5 Starfspróunarsamtöl og fræðsla..... | 19 |



| | | |
|-------|---|----|
| 6 | Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 20 |
| 7 | Foreldrasamvinna..... | 20 |
| 8 | Skipulagsdagar og leikskóladagatal | 21 |
| 9 | Fylgigögn..... | 23 |
| 9.1 | Leikskóladagatal | 23 |
| 9.2 | Endurmat og umbótaráætlun sérkennslu | 24 |
| 9.2.1 | Endurmat..... | 25 |
| 9.3 | Umsögn..... | 26 |



Leiðarljós leikskólans:

2 Greinargerð leikskólastjóra

Ráðningar þetta haust gengu vel og í fyrsta skipti voru tveir aðstoðarleikskólastjórar að störfum í leikskólanum. Leikskólakennurum í Miðborg hefur fjölgað og stefnir í að 11 leikskólakennarar starfi á deildum, einn starfsmaður í grunnnámi og tveir í mastersnámi í leikskólakennarafærðum. Aðlögun tók lengri tíma í haust en oft áður og stóð fram í desember.

Í byrjun hausts samþykkti borgarráð deildarskipulag fyrir nýja leikskólabyggingu fyrir Miðborg og að efnt yrði til hugmyndasamkeppni um hönnun nýs leikskólahúss. Forsögn fyrir nýja leikskólahúsið lauk í mars og mun hugmyndasamkeppni um nýja húsið hefjast í byrjun júlí og lýkur í október 2020.

Vorönnin tók óvænta stefnu með verkfalli Eflingar og svo Covid19 sem hafði veruleg áhrif á starfsemi leikskólans. Leikskólinn er í þremur húsum og hafði verkfallið mismunandi áhrif á húsinn, eitt af húsunum var lokað í 4 vikur vegna þess. Þegar Covid19 skall á kom upp smit í þessu sama húsi og þurfti því að loka og börn og starfsfólk send heim í sóttkví. Foreldrar í Miðborg tóku þessum erfiðu aðstæðum af miklum skilningi og þolinmæði, sem við erum mjög þakklát fyrir. Áhyggjuefni er að innan við 50% barnanna mættu í leikskólann á meðan Covid19 og voru börn af erlendum uppruna lang stærsti hópurinn sem var heima. Því er spurning hvort upplýsingar frá leikskóla og yfirvöldum hafi verið nægjanlega góðar og þarf að huga betur að upplýsingagjöf til fjölskyldna af erlendum uppruna.



3 Innra mat leikskóladeilda í leikskólanum Miðborg

Sjö deildir eru starfræktar í Miðborg. Lögð hefur verið áhersla á að deildirnar vinni eftir þeim umbótaþáttum sem lagt var upp með síðasta haust sem og að meta þróunarverkefni sem unnið er út frá Menntastefnu Reykjavíkur en unnið hefur verið að því að efla þekkingu starfsfólks á félagsfærni og að félagsfærnin sé í hávegum höfð í öllu leikskólastarfi. Mismunandi er hversu langt deildirnar hafi komist áfram með þau verkefni sem áætlað var og verður að taka mið að því í endurmati hvernar deildar fyrir sig.

3.1 Krílakot

Krílakot er á starfstöðinni Barónsborg og eru börnin á aldrinum 1-2 ára. Á Krílakoti vinnum við með flæði í leik fyrir hádegi, þar fá börnin að velja sjálf hvað þau vilja takast á við hverju sinni. Í flæði er boðið uppá einingakubba, listasmiðju og hreyfingu. Börnin fara einnig í Könnunarleik í hópastarfi 1x í viku. Í könnunarleikum fá börnin tækifæri til að örva skynfæri sín, þau fá tækifæri til að uppgötva og rannsaka eiginleika hluta án íhlutunar kennara og að lokum æfa þau notkun orða og hugtaka í rólegu umhverfi. Samverustundir eru 2x á dag, fyrir hádegismat og eftir kaffitíma. Þar er mesta áherslan lögð á að syngja og lestur bóka. Útivera er á hverjum degi, ef veður leyfir, þar sem börnin geta notið sín í frjálsum leik. Einnig er unnið með mánaðarlegt þema.

3.1.1 Endurmat

Umbótaþáttur: Matartímar

Í heildina gekk vel að hvetja börnin til sjálfshjálpar og að gera matartímann að notalegri stund. Kennarar reyndu að sjá til þess að umræður við matarborðið snérust um spjall við börnin ásamt því að leggja inn ný orð og hugtök. Börnin borða sjálf og fá að ganga frá eftir sig eftir aldri og getu. Börn eru aldrei þvinguð til að borða eitthvað sem þau vilja ekki.

Tækifæri til umbóta: Gera aðstöðu þannig að auðvelda verði fyrir börnin að ganga frá eftir matartímann. Halda líka áfram að vera meðvituð um mikilvægi þess að nýta tímann fyrir börnin t.d. spjall við matarborðið.



3.1.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021

| UMBÓTA - ÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/ aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---------------------------------|---|--|---|-------|-------|--|---|
| Matartímar - sjálfshjálp | Auðvelda börnum að bjarga sér sjálf við frágang eftir matartíma | Breyta aðstöðunni í hádeginu þannig að börnin geti gegnið frá disk, glasi og hnífapörum sjálf á öruggan og einfaldan máta | Deildar - stjóri sér um útfærslu | 06.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum mánaðarlega | Að auka sjálfshjálp barna í matartímanum þannig að þau gangi frá sjálf eftir sig á auðveldan hátt. |
| Útivera - umhverfis-læsi | Að börnin njóti sín í útiveru og verði læs á umhverfi sitt. | Kenna hugtök t.d. um veður, gróður, dýr o.s.frv. Hægt að lesa bækur, leggja inn hugtök og vera virk í útiveru. Leggja inn hugtök varðandi fatnað í fataklefa m.t.t. veðurs | Deildar - stjóri ber ábyrgð, allir fram - kvæma | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum, skráningar t.d. í bláu bækurnar (ferlimöppur) | Að börnin læri orðaforða varðandi umhverfi úti í útiveru. Verði læs á umhverfi sitt og ýmis hugtök. |

3.2 Regnbogaland

Regnbogaland er á starfsstöðinni Barónsborg og eru börn á aldrinum 2ja-3ja ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu Töfrandi tungumál. Byggt er á á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin eru einstaklings – og hópverkefni sem styðja börnin í því að vinna saman. Allt starf í leikskólanum er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

3.2.1 Endurmat

Umbótaþáttur: Lýðræði

Markmið með umbótum var að auðvelda aðgengi barna að efnivið leikskólans og voru aðgerðir til umbóta endurskipulag á deild. Aðgengi barnanna að efnivið er orðið mjög gott og endurskipulag á deildinni tókst vel.

Tækifæri til úrbóta: Auka þátttöku og virkni barna í daglegu lífi hvað varðar ákvörðunartöku, virk umræða og þátttöku barnahópsins að búa til reglur fyrir deildina.

Umbótaþáttur: Samvinna

Lagt var upp með að auka samvinnu starfsfólks að ákveðum þemaverkefnum sem áttu að taka um 2 vikur í senn. Unnið hefur verið sameiginlega að ýmsum verkefnum vetrarins. Þemaverkefni hafa þó ekki verið skipulögð fyrir fram fyrir utan árviss þemaverkefni s.s. á aðventunni og svo núna á vorönn, „leitin að vorinu.“ Þó hafa þónokkur þemaverkefni verið unnin en þá hefur hjartað ráðið för þ.e. áhugasvið barnanna hefur stýrt verkefnunum s.s. þema um Greppikló sem hélt áfram eftir innlögn kennara en áhugi barnanna hélt verkefninu við. Söngvar hafa haft mikil áhrif á áhuga barnanna að hinum og þessum verkefnum. Ýmsum þemum hefur verið haldið við með „halló stund“ á morgnanna, söngstund í hádeginu og samverustund síðdegis.

Öll verkefni og áhersla í starfi með börnunum hélt sér í COVID- ástandinu þó að vantaði starfsfólk og að barnahóparnir væru minni og tvískiptur þá lögðum við áherslu á að halda okkar dagskipulagi og þeim verkefnum sem verið var að vinna að. Nú þegar er hópurinn farinn að vinna að læsi og vinna með *Lubbi finnur málbein* en skólinn mun leggja áherslu á læsi sem er einn af grundvallarþáttum Menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir skólaárið 2020-2021.

3.2.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021

| UMBÓTA - ÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið? | Viðmið um árangur |
|---------------------|---|--|------------------------------|-------|-------|--|---|
| Lýðræði | Auka þátttöku barna að búa til reglur fyrir deildina | Búa til reglur deildarinnar með börnunum og þau búa til plaggat þar sem reglurnar koma fram. | Allir starfsmenn bera ábyrgð | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum Fundur með börnunum þar sem farið er yfir reglurnar. | Að tekið sé tillit til skoðana og ákvarðana barnanna. |
| Lýðræði | Auka virkni einstaklinga og veita þeim tækifæri til aukinna þátttöku. | - Hver og einn fær að velja lag dagsins. -Hver og einn fær að stýra „Halló stund“ | Allir starfsmenn bera ábyrgð | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum og Samverustundum með börnunum. | Að börnin verði virkir í samverustundum hvers dags. |
| Endurvinnsla | Að gera endurvinnslu að daglegu hlut í leikskólalífinu | -Gera flokkun á rusli aðgengilegt á deildinni og virkja börnin til að flokka. | Allir starfsmenn bera ábyrgð | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum og í daglegu samtali starfsfólks á deildinni. | Að endurvinnsla verði að daglegum venjum okkar á Regnbogalandi. |
| Læsi | Leggja áherslu á læsi í starfi með börnum. | Innleiða <i>Lubbi finnur málbein</i> í „halló stundum“ og samverustundum | Allir starfsmenn bera ábyrgð | 05.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum og í daglegu samtali starfsfólks á deildinni. | Að börnin þekki til bókstafa og auki hljóðvitund sína. |

3.3 Kuðungadeild

Kuðungadeild er í starfsstöðinni Lindarborg og eru börnin þar 2ja ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum. Byggt er á þekkingu sem fyrir er í leikskólanum og unnin eru einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna saman. Allt starf í leikskólanum er nám í félagsfærni og í leik barnanna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

3.3.1 Endurmat

Umbótaþáttur: Samverustundir.

Markmið með umbótunum var að börnin upplifi sig sem hluti af hóp, taka tillit til annarra og hlusta og taka á móti skilaboðum. Viðmiðið var að samverustundir verði fastur liður í dagskipulagi deildarinnar þar sem allir meðtaka skilaboð og taka þátt í söng og leik. Skipulag deildarinnar breyttist mikið þegar leið á veturinn. Deildin mun breytast mikið á nýju skólaári og því verður umbótaþátturinn áfram nýttur

Tækifæri til umbóta: Að öll börnin haf haft möguleika á að taka þátt og tjá sig á sinn hátt í samverustund ásamt því að hvert barn fær að vera aðstoðarmaður í samverustund.

Umbótaþáttur: Gönguferðir.

Markmiðið var að gera gönguferðir að föstum punkti í leikskólastarfinu á Kuðungadeild og börn og starfsfólk verði öruggt í ferðum utan leikskólans. Aðlögun á deildinni var löng og því nýttist haustönnin ekki fyrir þennan umbótaþátt og vorönn hefur heldur ekki gefið góð tækifæri til að halda við þessum þætti sem verður áfram í áherslu næsta vetur.

Tækifæri til umbóta: Umhverfislæsi; að auka gæði gönguferðanna, með samtölum fyrir og eftir um hvað við sáum og gerðum á leiðinni.

3.3.2 Umbótaþættir 2020-2021

| UMBÓTA-ÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið? | Viðmið um árangur |
|---------------------------------------|--|--|----------------------------------|-------|-------|--|---|
| Umhverfis-læsi/ göngu – ferðir | Að auka gæði gönguferðanna, með samtölum fyrir og eftir um hvað við sáum og gerðum á leiðinni. | Að fyrir hvern göngutúr ræðum við börnin hvað þeim langar að skoða á leiðinni og eftir að hafa umræður um hvað við sáum og upplifðum í göngutúrnum | Allir starfsmenn á Kuðunga-deild | 09.20 | 05.21 | Umræðumat, á deildarfundum að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður. | Að samræður fyrri og eftir hafa aukist og orðaforði þeirra um nærumhverfið hafi aukist. |
| Samveru-stund | Að öll börn fái tækifæri til að tjá sig í samverustund og hlusta á félag sína í hópnunum. | Í samverustundum er barn valið til að vera aðstoðarmaður. Hlutverk aðstoðarmanna getur verið að fara yfir hvaða dagur er, mánuður og hvernig veðrið er úti, í hvaða fót þarf að klæðast í útiveru. Svo verður söngur og nafnakall. | Allir starfsmenn á Kuðungad eild | 09.20 | 05.21 | Umræðumat, á deildarfundum að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður. | Að öll börnin hafi möguleika á að taka þátt og tjá sig á sinn hátt í samverustund ásamt að auka orðaforða sinn. |
| Matartími | Að auka umræður um matinn sem við borðum. | Við viljum í samstarfi við eldhúsið fara yfir hvað börnin eru að borða á hverjum degi og gert í samverustund fyrir hádegis. | Allir starfsmenn á Kuðungad eild | 09.20 | 05.21 | Umræðumat, á deildarfundum að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður. | Með umræðum um mat, t.d. hvaða grænmeti er í salatinu, hvaða krydd eru notuð, áferð, lykt og bragð auka börn orðaforða sinn um mat og skilning á mat. |

3.4 Skeljadeild

Á Skeljadeild eru að jafnaði 22-23 börn á aldrinum 3-5 ára. Unnið eftir hugmyndafræðinni um Flæði, með áherslu á félagsfærni og læsi. Unnið er mikið með söng og dans og allskyns hreyfi og samskiptaleiki. Deildin er vel útbúin leikfangakosti og er rýmið skemmtilegt með mikla möguleika. Útinám og nærumhverfi er starfsfólki einnig hugleikið og er á dagskrá að efla það enn frekar.

Á deildinni starfa tveir leikskólakennarar í fullu starfi, einn sérkennari í hálfu starfi, einn nemi í leikskólakennarafræðum í hluta starfi og einn leiðbeinandi í 90% starfi.

3.4.1 Endurmat

Umbótaþáttur: Deildarfundir

Markmiðið með umbótaþættinum var að stuðla að því að deildarfundir væru markvissir, skipulagðir og héldu sér. Aðstæður urðu til þess að fundirnir héldu sér ekki sem skyldi en á móti kom að það myndaðist sú hefð að þegar allt starfsfólk var mætt voru stuttir morgunfundir þar sem farið var yfir það mikilvægasta, dagurinn lagður og það rætt sem þurfti fyrir hvern tiltekinn dag. Þessi leið varð góð og starfsfólk vann í takt og allir vel upplýstir.

Tækifæri til úrbóta: Höldum áfram með það umbótaþátt að hafa deildarfundir skipulagða sem leiðir til þess að samhæf vinnubrögð verði og aukið upplýsingaflæði milli starfsfólks.

Umbótaþáttur: Málörvun

Umbótaþátturinn var lagður fram með því markmiði að örva íslensku hjá börnum sem þess þurfa og auka orðaforða og áhuga með því að nota aðferðina „Gefðu 10“ og virkja börn til þátttöku. Eftir fræðslu frá Fríðu Bjarney Jónsdóttur á skipulagsdegi byrjuðum við að vinna með þessa leið og gekk ágætlega. Markmiðið náðist ekki að fullustu og spila margar ástæður þar inn í en við erum meðvituð um að eiga samtöl við öll börn deildarinnar en þurfum að vera marvissari.

Tækifæri til úrbóta: Gera „Gefðu 10“ að föstum lið í vinnu kennara á deildinni.

Umbótaþáttur: Flæði

Unnið var út frá að gera Flæði að fastri hugmyndafræði á deildinni, alla daga. Ætlunin var að kynna okkur aðferðir og hugmyndafræði um flæði auk þess að valdefla barnahópinn með markvissum og faglegum vinnubrögðum. Ætlunin var að fara í heimsóknir þar sem unnið væri með flæði en ekki gafst tækifæri til þess. Hins vegar náðist gott samspil hjá starfsfólkinu um að valdefla börnin, gefa þeim valdið til að taka eigin ákvarðanir í sínu námi. Búið er að brjóta niður fast form dagskipulagsins og er horft á áhugasvið og langanir barnanna. Við breyttum hádegismatnum á þann hátt að nú er hlaðborð og börnin skammta sér sjálf og ráða hvar þau sitja, einskonar veitingahúsastemming á deildinni. Útveran er í vali jafnt á við önnur svæði á deildinni. Vegna COVID-19 þurfti að breyta aðeins til s.s. hádeginu en fórum strax aftur í það form sem við vorum búin að þróa áfram fyrir samkomubann.

Tækifæri til úrbóta: Að halda áfram að þróa Flæði á deildinni með sameiginlegri sýn starfsmanna.



3.4.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021

| UMBÓTA-ÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið? | Viðmið um árangur |
|-------------------------|---|---|--------------------------------|-------|-------|---|---|
| Deildar - fundir | Betra upplýsingaflæði og samhæfð vinnubrögð | Deildarfundir verði vikulega klst. í senn með umræðum um starfið á deildinni, veita upplýsingar og fagleg umræða. | Deildar – stjóri og starfsfólk | 08.20 | 05.21 | Farið yfir fundargerðir deildarfunda | Betra samstarf, öruggara og markvissara starf og samvinna. Stuðlar að faglegu starfi á deildinni. |
| Læsi | Örva íslensku hjá börnum sem þess þurfa og auka orðaforða, ýta undir áhuga á tungumálinu. | Nota „Gefðu 10“ og vinna með minni leshópa sem gefa rými til virkrar þátttöku | Deildar- stjóri og starfsfólk | 09.20 | 05.21 | Símat á deildar - fundum | Aukin orðaforði, skilningur og málnotkun hjá börnunum á deildinni. |
| Flæði | Að vinna áfram með hugmyndafræðina Flæði í leik og starfi barnanna á deildinni. | Halda áfram að innleiða aðferðina hjá okkur í leik og starfi | Deildar- stjóri og starfsfólk | 08.20 | 05.21 | Símat á deildar- fundum 1-2 á mánuði ásamt stuttum morgun- fundum | Markvissari fagleg vinnubrögð með flæði. |

3.5 Krossfiskadeild

Á deildinni eru 13 börn á aldrinum 1-2 ára. Unnið er með málörvun, félagsfærni og sjálfseflingu aðallega en aðrir þættir svo sem læsi spila mikið inn í daglegt starf. Lögð er áhersla á að vinna út frá námi í gegnum leik því í leik þjálfast vitrænir og skapandi þættir s.s. tungumál, hreyfiproski, tilfinninga- og félagsproski. Á deildinni eru 3 leikskólakennarar og einn leiðbeinandi.

3.5.1 Endurmat

Miklar breytingar hafa orðið á deildinni í vetur, deildarstjóraskipti sem og nýir starfsmenn sem og löng aðlögun ásamt breytingum á leikskólastarfinu eftir áramót vegna verkfalla og COVID-19.

Umbótaþættir fyrir 2019-2020 voru, Bók barnsins og markvissari samverustundir. Haldið verður áfram með samverustundir sem umbótaþátt á næsta ári þar sem leiðir til úrbóta er að hafa samverustundirnar markvissari með nýjum barnahóp þar sem verður sungið og lesið á markvissan



hátt. Auk þess sem óskað verður eftir leiðsögn og umræðum með Bók barnsins (ferlimöppur) fyrir starfsfólk deildarinnar.

3.5.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021

| UMBÓTAÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið? | Viðmið um árangur |
|---------------------|-------------------------------|--|-----------------------------|-------|-------|---|--|
| Læsi | Markvissar samverustundir | Lesi, tala og syngja í samverustundum, hafa þær skipulagðari og markvissari | Allt starfsfólk á deildinni | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum þar sem rætt er hvernig gengur. | Að samverustundir séu markvissar með áherslu á læsi fyrir ung börn. |
| Læsi | Ýta undir markvissa málnotkun | Hafa ritmál sýnilegra í hæð barna. | Allt starfsfólk á deildinni | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum þar sem rætt er hvernig gengur. | Gera ritmál sýnilegra börnum svo þau myndi þekkingu á ýmsum táknum og með því auka málþroska |
| Læsi | Vinna meira í minni hópum | Vera markvissari í að skipta börnunum upp í minni hópa þegar færi gefst | Allt starfsfólk á deildinni | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum þar sem rætt er hvernig gengur. | Veita börnum aukið tækifæri til samtala og kennarar hafa aukið tækifæri til að veita hverjum og einum athygli. |
| Bók barnsins | Markvissari skráningar | Fá fræðslu og leiðbeiningar um skráningar og gera vinnu með bækurnar markvissari | Allt starfsfólk á deildinni | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum þar sem rætt er hvernig gengur. | Faglegri vinnubrögð og áhersla á uppeldislegar skráningar |



3.6 Klöpp

Klöpp er á starfsstöðinni Njálshöfn og eru börnin 3ja og 4 ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu Töfrandi tungumál. Byggt er á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin eru einstaklings – og hópverkefni sem styðja börnin í því að vinna saman. Allt starf í leikskóla er nám í félagsfærni og í leik barnanna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á. Töluverðar breytingar verða á starfsmannahaldi deildarinnar á komandi hausti.

3.6.1 Endurmat

Umbótarþáttur: Örva íslensku hjá börnum sem þess þurfa og auka orðaforða, ýta undir áhuga á tungumálinu.

Markmið umbótarþáttar var að starfsfólk tileinkaði sér færni til að auka á samskipti við börnin til að örva málþroska og félagsfærni barna með aðferðinni „Gefðu 10“. Einnig að minnka leshópa sem gefa rými til virkar þátttöku

Saga Stephensen frá SFS kom og hafði leiðsögn fyrir starfsfólk um hvernig best er að nota aðferðina „Gefðu 10“. Eftir örlitla byrjunarörðuleika sáum við árangur. Börnin virtust eiga auðveldara með að leita til okkar. Við minnkuðum leshópa tímabundið og það var frekar ómarkviss vinna sem féll niður eftir janúar 2020.

Tækifæri til úrbóta: Við erum sammála um að ákveðin börn þurfi meiri og ítarlegri málörvun.

Umbótarþáttur: Frjálsi leikurinn

Marmiðið var að frjálsa leiknum sé gefinn tími og rými í dagskipulagi deildarinnar. Tryggja að leikgleðin nái til allra barna á deildinni. Frjálsi leikurinn fékk gott rými í skipulagi deildarinnar og gekk vel. Er þó umhugsunarvert að einhver börn drógu sig til hliðar í leiknum en þegar unnið var með skipulagða samvinnuleiki, sem börnunum fundust mjög gaman og spennandi, þá sáum við einstaklinga vinna saman og tengjast sem höfðu ekki gert mikið áður.

Tækifæri til úrbóta: Í byrjun frjálsa leiktímans dreifa kennarar sér á leiksvæðin og hjálpa til við að byrja leikinn og dregur sig svo hægt í hlé. Með því fá þau börn sem eiga erfitt með að komast í leik tækifæri til að taka þátt og fá hlutverk í leiknum með hjálp kennara.

3.6.2 Umbótaþættir fyrir 2020-2021

| UMBÓTA-ÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið? | Viðmið um árangur |
|--------------------------|--|--|---------------|-------|-------|-----------------------|--|
| Frjálsi leikurinn | Skapa öllum börnum tækifæri til að taka þátt í frjálsum leik | Kennarar dreifa sér á leiksvæði og aðstoða þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leik á því svæði sem það er á. | Deildarstjóri | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum | Að öll börn deildarinnar verði þátttakendur í frjálsum leik. |
| Læsi | Leggja áherslu á læsi í starfi með börnum. | Innleiða <i>Lubbi finnur málbein</i> í starf deildarinnar | Deildarstjóri | 09.20 | 05.21 | Símat á deildarfundum | Að námsefnið <i>Lubbi finnur málbein</i> verði fastur liður í dagskipulagi deildarinnar með áherslu á málörvun barna |



3.7 Hæð

Börnin á Hæð eru elstu börnin í Miðborg, á deildinni dvelja um 20 börn og er leikurinn er okkar helsta námsleið og er börnunum mætt á þeirra forsendum þar sem þau hafa nægt rými til sjálfsefningar sem felur í sér trú á eigin getu, sjálfsaga og þrautseigju. Þeim eru skapaðar góðar aðstæður til að styrkja félagsfærni sína og leikgleði. Leiðir að því markmiði eru að skipulag deildarinnar sé sveigjanlegt en við vinnum með flæði í dagskipulaginu.

Í starfinu er notast við opinn efnivið eins og kubba, leir, pappa, vatn, málningu, liti o.fl. opinn efniviður býður ekki upp á fyrir fram ákveðnar lausnir heldur krefst hann hugmyndaflugs og sköpunar hjá börnunum.

Markmið okkar á Hæð er að þegar börn útskrifast frá okkur hafi þau sterka sjálfsmynd, séu félagslega sterk ásamt því að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu. Starfsfólkið okkar hefur þróað þekkingu sína og færni í að vinna með fjölmenningslegu leikskólastarf í gegnum verkefnið *Töfrandi tungumál*. Umhverfi barnanna er merkt á tungumálum allra barna deildarinnar, haldið er upp á tungumál vikunnar þar sem eitt tungumál er tekið fyrir í 2 vikur og við lærum að heilsa og kveðja.

3.7.1 Endurmat

Umbótarþáttur: Bók barnsins – foreldrasamstarf

Markmiðið var að fá foreldra í meira samstarf varðandi bláu bókina og að þau myndu taka meiri þátt í að gera verkefni í bókina. Þetta markmið tókst ekki, bæði tóku foreldrar illa við sér þegar þau voru beðin að hausti að gera fjölskyldukynningu og svo vegna aðstæðna eftir áramót tókst ekki að fylgja markmiðinu eftir.

Tækifæri til umbóta: Ákveðið er að taka þennan hluta upp aftur með aðeins breyttu sniði en þá verður útbúin ákveðin fjölskyldubók sem mun fara á milli barna og starfsfólks og börn kynna sig og sína. Síðan er hægt að flytja opnur barnanna úr fjölskyldubókinni yfir í þeirra eigin ferlimöppu (bók barnsins).

Umbótarþáttur: Töfrandi tungumál

Töfrandi tungumál fór af stað sem þróunarverkefni hér í Miðborg og hefur fest sig í sessi í starfi deildarinnar. Markmið umbótarþáttar fyrir 2019-2020 var að gera öll tungumál sem töluð eru á deildinni sýnileg. Markmiðið gekk vel, við náðum að halda sex af níu tungumálum vikunnar en þau féllu niður vegna COVID-19. Svæði voru merkt á tungumálunum sem töluð voru á Hæð þetta árið og „velkomin“ spjöld hengd upp í fataklefa sem börnin sjálf útbjuggu.

3.7.2 Umbótaþáttur fyrir 2020-2021

| UMBÓTAÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið? | Viðmið um árangur |
|---|--|--|---|-------|-------|----------------------------|--|
| Fjölskyldu bók / foreldra – samstarf | Búa til fjölskyldu bók sem öll börn og starfsfólk gerir sínar kynningu í og svo fer bókin heim til allra þegar allir hafa sett í hana, að lokum er hægt að taka blöðin úr og setja í bók barnsins. | Deildarstjóri býr hana til í ágúst 2020 og sendir kynningu á foreldra barnanna, einnig verður hún kynnt í samverustund með börnunum. | Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildar | 08.20 | 05.21 | Samræðumat á deildarfundum | Efla foreldra-samstarf og ná þátttöku foreldra í skráningu í bókina. |
| Lýðræði | Að börnin taki þátt í reglugerð deildarinnar | Í samveru – stundum með börnunum | Starfsfólk deildarinnar | 08.20 | 10.20 | Könnunar - aðferðin | Að gera börnin að virkari þátttakendum í starfi deildarinnar. |



4 Ytra mat

Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar fór fram í febrúar 2020. Spurningarnar í könnuninni eru töluvert opnar og gefur ekki nægilega mynd á hvað óskað er eftir. Í heild kemur leikskólinn vel út en hefur þó lækkað í nokkrum þáttum frá síðasta ári og má þar nefna m.a: áreitni, upplýsingaflæði og fræðslu. Við lítum á það mjög alvarlegum augum að svör starfsmanna bendir til þess að þeir séu að upplifa áreitni eða verða vitni að slíku. Ákveðið er að fá fræðslu frá mannauðsráðgjafa frá SFS til að búa til og skilgreina vinnusáttmála með starfsmannahópnum – unnið á skipulagsdegi að hausti. Fræðsla og upplýsingaflæði er ekki nægjanlegt að mati starfsmanna og verða þessir tveir þættir skoðaðir næsta haust með starfsfólki Miðborgar, bæði með umræðum og könnunum.

Viðhorfskönnun fyrir foreldra fór fram 6.mars til 15.maí 2020. Í heildina eru skólinn að koma vel út úr viðhorfskönnuninni og til að mynda eru 96,7% svarenda á heildina ánægðir með leikskólann og er borgin yfir heildina með 93,3% sammála. Það sést í svörum við opnum spurningum að deildar eru að fá ólíkar umsagnir. Við drögum lærdóm af því sem leiðir til þess að þörf er á að vinna að því að allar deildir í þessum þremur húsum nái að ganga í takt og þurfum við að halda áfram að mynda leikskólastarf í heild yfir húsin þ.e. að samræma vinnu á deildum.

Hingað til hafa verið stórir deildarstjórafundir þar sem allir deildarstjórar koma saman vikulega og er ætlunin að breyta þessu fyrirkomulagi þar sem verða deildarstjórafundir í hverju húsi fyrir sig vikulega og svo stórir deildarstjórafundir mánaðarlega. Með því að minnka deildarstjórafundina er vonast til að ná meiri dýpt í fundina þar sem líkur eru á að náist meiri yfirferð yfir mál og skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ná að innleiða sömu vinnubrögð á deildarnar og húsin. Á mánaðarlegum fundum verður þá meira stiklað á stóru og stjórnendum deilda gefst þar meira tækifæri til að ræða mál sín á milli.



5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl hafa verið tekin í febrúar/mars og var gert er ráð fyrir að sama fyrirkomulag yrði á viðtölunum og tímasetningu á starfsárinu 2019-2020. Hins vegar urðu aðstæður þannig í öllu þjóðfélaginu að ekki gafst tækifæri til að taka starfsþróunarviðtölin eins og gert var ráð fyrir. Hins vegar hefur leikskólastjóri átt samtöl við það starfsfólk sem hefur stuttan ráðningasamning þar sem rætt hefur verið um líðan í starfi og hvað starfsfólk sér sig á komandi hausti. Gert er ráð fyrir að starfsþróunarsamtölin fyrir starfsárið 2020-2021 verði tekin í haust og verður um að ræða stutt snerpiviðtöl og verða þá þeir þættir sem við viljum skoða frekar út frá viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar í þessum viðtölum.

Starfsfólk skólans er hvatt til að sækja fræðslu sem vekur áhuga þeirra og styrkir þau í starfi en einnig er skipulögð fræðsla á skipulagsdögum og starfsmannafundum.

Á þessu starfsárið hefur aðfengin fræðsla litast af Menntastefnu Reykjavíkur þar sem áhersla var lögð á félagsfærni og þar sem Miðborg er fjölmenningarlegur skóli er mikilvægt að efla fræðslu starfsfólks sem tengist þeim málaflokki.

Aðfengin fræðsla á skipulagsdögum og á starfsmannafundum:

| | |
|--|---|
| Skipulagsdagur 27. September 2019 | Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir hélt erindi um jafnrétti áhrif auglýsinga-internetsins á börn. Einnig fjallaði hún um leikefni t.d. í leikskólanum út frá kyni. Hvernig við tölum ólíkt við börn út frá kyni, hvers við ætlumst til út frá kyni og kynhlutverk skoðuð. |
| Skipulagsdagur 27. September 2019 | Sofiya Dimitrova Zahova sagði frá og fræddi um menningu og bakrunni Rómafólks. |
| Starfsmannafundur 10. október 2019 | Tinna Sigurðadóttir, talmeinafræðingur, fjallaði um mikilvægi málþroska í tengslum við félagsþroska barna og kynnti sérfræðiþjónustuna Trappa þar sem unnið er með nokkur börn í Miðborg í gegnum fjarbúnað vegna málþroskaröskunar. |
| Starfsmannafundur 14. nóvember 2019 | Sara Ólafsdóttir, lektor hjá Menntavísindasviði HÍ, hélt erindi um um áhrif skipulags á vellíðan barna í leikskóla, hvað felst í hugmyndum um flæði í leikskóla og hver áhrif flæði er á félagsþroska barna. |
| Skipulagsdagur 22. nóvember 2019 | Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar menntamála, fór yfir aðferðina "Gefðu 10" en með aðferðinni er skapað námstækifæri sem efla íslenskukunnáttu fjöltungdra barna. Aðferðin er einföld og er ætluð til þess að auka samtal og samskipti við fjöltungd börn. |
| Skipulagsdagur 22. nóvember 2019 | Guðný Reynisdóttir, mannauðsráðgjafi hjá Skóla og frístundasviði, hélt erindi um samskipti og vellíðan á vinnustað. |



| | |
|---|---|
| Skipulagsdagur 22. nóvember 2019 | Hópavinna um ferlimöppur – skráningar |
| Skipulagsdagur 17. janúar 2020 | Vanda Sigurgeirsdóttir hélt erindi um félagsfærni ungra barna. Þar fór Vanda yfir árangursríkt forvarnarstarf gegn einelti með börnum. Tilgang félagsfærniþjálfunar og jákvæðra samskipta við jafningja. |
| Skipulagsdagur 17. janúar 2020 | Saga Stephensen, ráðgjafi í fjölmenningu hjá Skóla- og frístundasviði, hélt utan um umræður út frá spurningunni; Hvernig fléttum við félagsfærni og töfrandi tungumál inn í starfið? |
| Skipulagsdagur 17. janúar 2020 | Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu grunnskóla hjá Skóla- og frístundasviði, fjallaði um fjölmenningu, viðhorf og fordóma. |
| Skipulagsdagur 23.mars féll niður vegna COVID-19 | Sigrún Jónsdóttir, ADHD markþjálfari og stjórnarkona í ADHD samtökunum, ætlaði að fjalla almennt um ADHD Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í hinsegin- og jafnréttismálum, ætlaði að fjalla um trans börn Ég er Unik; Aðalheiður Sigurðardóttir ætlaði að segja frá reynslu sinni af því að vera móðir einhverfrar stúlku Einar Erlendsson, háskólanemi, ætlaði að segja frá því hvernig er að vera barn með hreyfihömlun í leik- og grunnskóla. |

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Gerð er ráð fyrir því frá Skóla- og frístundasviði að leikskólar og grunnskólar í sama hverfi komi sér saman um ákveðið samstarf. Til þess að slíkt samstarf verði að veruleika þarf að vera samtal milli skólastigana sem hefur ekki náðst í hverfinu. Óskað var eftir því við Austurbæjarskóla nú á vordögum að elstu börnin gætu komið í heimsókn með kennurum sínum en því var hafnað. Frístundin hafði gert ráð fyrir að taka á móti elstu börnunum frá Miðborg í heimsókn en hættu við eftir svar Austurbæjarskóla. Því hefur ekkert samstarf né samtal átt sér stað milli skólastigana á þessu skólaári. Sá háttur hefur verið á að Austurbæjarskóli hefur sent skóladagatal sitt í tölvupósti til Miðborgar, en í ár hefur ekkert slíkt borist.

7 Foreldrasamvinna

Starfrækt er foreldraráð í leikskólanum Miðborg. Foreldraráð samanstendur af fjórum fulltrúum foreldra sem kosnir voru í ráðið haustið 2019. Boðað verður til fundar í september 2020 þar sem kosið verður í foreldraráð fyrir starfsárið 2020-2021.

Hlutverk foreldraráða er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og



annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð starfar að verkefnum sínum í samræmi við starfsreglur foreldraráðs miðborgar og samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008.

Starfandi er foreldrafélag í leikskólanum Miðborg. Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans með börnum sínum ásamt þeim viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir ýmiskonar viðburðum í samstarfi við leikskólann.

Foreldrum er boðið upp á formlegt samtal tvisvar á ári, að hausti og að vori þar sem farið er yfir líðan og þroska barna en auk þess eru foreldrar hvattir til að biðja um samtal á öðrum tímum ef þeir óska þess sem og að deildarstjórar hafa samband aukréttis ef til þess þarf.

Þegar barn er að hefja leikskólagöngu sína í Miðborg eru foreldrarnir boðaðir í fyrsta viðtal áður en skólangangan þar sem farið sem starfsemi skólans er kynnt ásamt starfsemi deildar barnsins. Í Miðborg er unnið út frá þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnum sínum í aðlögun og kynnast starfi skólans, umhverfi og starfsfólki. Erlendum foreldrum er boðið upp á að hafa túlk í fyrsta viðtali og jafnvel fyrsta daginn í þátttökuaðlögun.

Verið er að leggja lokahönd á bækling fyrir börn og foreldra sem verður afhentur þegar leikskólagangan hefst. Í þeim bæklingi koma fram helstu upplýsingar um leikskólann.

Unnið er að því að auka þekkingu foreldra á leikskólalífi barna í íslensku samfélagi og skapa traust milli skóla og foreldra með góðum og jákvæðum samskiptum. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem leiðir til þess að fjölskyldur með annað tungumál og ólíka menningu er mætt með skilningi og víðsýni.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru sex og með von er um að skipulagsdagur sem féll niður á skólaárinu 2019-2020 vegna COVID-19 geti verið nýttur á skólaárinu 2020-2021. Gert er ráð fyrir að farið verði í námsferð erlendis á vorönn. Sjá skipulagsdaga á leikskóladagatali sem er hér sem fylgiskjal 1.



F. h. leikskólans Miðborg

| | |
|-----------------------------|-------------------|
| <u>Kristín Einarsdóttir</u> | <u>07.07.2020</u> |
| Leikskólastjóri | Dagsetning |



9.2 Endurmat og umbótaráætlun sérkennslu

| Vísbending | Já eða nei/fjöldi | Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér. |
|---|-------------------|--|
| Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum? | 5 | |
| Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum | 5 | |
| Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki) | | Sérkennslustjóri fylgir barni í Tröppu talþjálfun sem er talþjálfun í gengum internetið. |
| Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum? | 8 | |
| Er til áætlun um málörvun í leikskólanum? | Nei | Gerð markvissar áætlunar hefst í september 2019 |
| Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum? | Nei | Gerð áætlunar hefst í janúar 2020 |
| Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk) | Já | |
| Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun? | Já | |
| Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning? | Já | |
| Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma? | Já | |
| Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra? | Já | |
| Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir? | Já | Æfingastöðin, Greiningastöðin og Trappa Talþjálfun |
| Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans? | Já | |
| Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna? | Já | |

Niðurstöður innra mats

Sérkennsla hefur gengið vel og góð samvinna allra aðila sem að málum koma. Foreldrasamstarf hefur gengið vel sem og teymisfundir sem haldnir eru.

Samstarf við þjónustumiðstöðina er gott. Samráðsfundir hafa verið einu sinni í mánuði í vetur. Gott hefur verið að leita til fagaðila þar, þegar á þarf að halda.

9.2.1 Endurmat

Umbótaþáttur: Áætlun um málörvun

Marmið umbótaþáttar var að stofna teymi til að vinna að áætluninni en áætlunin átti að nýtast öllu starfsfólki skólans í vinnu með börnum. En ekkert teymi var stofnað en sérkennslustjóri hefur verið að safna gögnum sem geta nýst í málörvun.

Tækifæri til úrbóta er að halda áfram með þetta markmið næsta skólaár, að útbúa áætlun um málörvun fyrir skólann. Verður sérstaklega mikilvægt þar sem unnið verður með læsi í þróunarverkefni í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Umbótaþáttur: Áætlun um snemmtæka íhlutun

Marmiðið var að stofna teymi til að vinna að áætlun um snemmtæka íhlutun sem nýtist í starfi leikskólans. Þetta náðist ekki þ.e. ekki var stofnað teymi en sérkennslustjóri er byrjuð að vinna að því að safna gögnum sem getan nýst í snemmtækri íhlutun.

Tækifæri til úrbóta er að vinna að þessu veturinn 2020-2021 og leggja fyrir deildarstjóra til að sérkennsla verði markviss og tengja betur saman sérkennslustjóra og þeirra sem sinna sérkennslu sértaklega þar sem skólinn er í þremur húsum.

Umbótaþáttur: Fylgja eftir skráningum sem sérkennslufólk skilar inn mánaðarlega.

Markmiðið með þessum umbótaþætti var að tryggja að sérkennslan sé markviss og mynda meiri nálægð milli sérkennslustjóra og þeirra aðila sem sinna sérkennslu. Starfsfólk hefur skilað inn skráningum í vetur og hefur því að mestu verið fylgt eftir með samtölum. Áætlað er að halda áfram að kalla eftir skráningum frá sérkennslufólki.



9.3 Umsögn

Starfsáætlun 2020 – 2021 Leikskólinn Miðborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun yfirfarin og samþykkt af foreldraráði Miðborgar 11.08.2020

Fyrir hönd foreldraráðs:

Margrét Buhl- 130582-3549. Ég samþykki áætlunina.

Margrét Buhl- 130582-3549. Ég samþykki áætlunina.





